



Sytem Lackfärg Högblank

Vörunr. 5700

Lýsing

Sytem Lackfärg Högblank (5700) er alkýð lakkmalning, ætluð til nota utan- og innanhúss. Lakkið er mjög létt í allri vinnslu, það lekur ekki niður við málun, flýtur og þekur vel. Lakkið myndar harða og sterka filmu með mikinn gljáa og gott veðrunarþol.

Notkun

Sytem Lackfärg Högblank (5700) er ætlað til notkunar á húsgögn, hurðir, glugga o.fl. innanhúss, og á ýmsa hluti úr járni, stáli og viði utanhúss.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: NCS-litakerfi	Purrefni: 46 % (rúmmál)
Gljástig: 90	Þynnir: Þynnir nr. 0814 eða terpentína
Pakkingar: 0,5, 1 og 4 lítra	Áhaldahreinsir: Terpentína
Efnisnotkun: 8-10 m ² /l	Þurrktími: 5 klst
Eðlisþyngd: 1,1 kg/l	Yfirmálun: Lágmark: 16 klst

Undirmálun

Notið Beckers Snickerispackel við spörtlun og ílögn. Hægt er að grunna með alkýðgrunnum, eins og Hempalin grunnmálningu (4246), Hempalin ryðvarnargrunni (1205), Hempalin menju (1320) og Grepp Grundfärg (4242). Einnig er hægt að grunna með akrýlgrunnum eins og Hemukrýl bitgrunni (1820) og Aqua Snickerislip (4243). Nauðsynlegt er að grunna við utanhúss með Viðari grunnvörn (2415) og Viðari grunnmálningu (2420).

Áhöld

Pensill, rúlla eða sprauta. Sé Sytem Lackfärg Högblank sprautað skal nota Standardfortunning NT-63 (0814). Hreinsið áhöld með terpentínu eða Penslasápu strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Viður og spónaplötur: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Innanhúss skal grunna með Hempels grunnmálningu (4246), Grepp Grundfärg (4242) eða Aqua Snickerislip (4243). Við meira vatnsálag eins og utanhúss getur verið nauðsynlegt að grunna með Viðari grunnvörn (2415) og Viðari grunnmálningu (2420). Að lokum eru málaðar 1-2 umferðir með **Sytem Lackfärg Högblank** (5700).

Járn og stál: Hreinsið burt ryð, fitu, og önnur óhreinindi. Grunnið með alkýðgrunnum eins og Hempalin ryðvarnargrunni (1205), Hempalin menju (1320), Hempalin grunnmálningu (4246) eða Grepp Grundfärg (4242). Að lokum eru málaðar 1-2 umferðir með **Sytem Lackfärg Högblank** (5700).

Galvaniseraðir fletir og ál: Hreinsið fitu og önnur óhreinindi. Grunnið með Hemukrýl bitgrunni (1820) og fylgið leiðbeiningum varðandi notkun hans. Málið síðan yfir með 1-2 umferðum af **Sytem Lackfärg Högblank** (5700).

Endurmálun

Fjarlægið olíu, fitu, óhreinindi og gamla lausa málningu. Ef flöturinn er mjög gljáandi og sléttur er nauðsynlegt að matta hann með finum sandpappír og grunna hann með viðeigandi grunni.

Viður: Þvoið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Utanhúss skal metta mjög sjúgandi viðarfleti með Viðari grunnvörn (2415) og bletta með Viðari grunnmálningu (2420). Grunnið með Grepp Grundlack (4242). Lokamálun með 1-2 umferðum af **Sytem Lackfärg Högblank** (5700).


Járn og stál: Hreinsið burt ryð. Blettið með Hempalin ryðvarnargrunni (1205) eða Hempalin menju (1320). Málið 2-3 umferðir með **Sytem Lackfärg Högblank**.

Athugasemdir

- **Sytem Lackfärg Högblank** er alkýðmálning og má því ekki fara beint á galvanhúð.
- Notið Beckers Snickerispackel og grunnið yfir spartlið.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Varist innöndun gufu/úða. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.